

## FUNDARGERÐ

253. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 29. mars 2023 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Jón Ólafsson, Margrét Tryggvadóttir, Diljá Ámundadóttir Zoëga, Mörður Áslaugarson, Þráinn Óskarsson, Sigurður Helgi Birgisson og Aron Ólafsson. Inga María Hlíðar Thorsteinson sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Valgeir Vilhjálmsson áheyrnarfulltrúi, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála, og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins voru Heiðar Örn Sigurfinnsson fréttastjóri og Hildur Sigurðardóttir mannauðsstjóri.

### 1. Fundargerðir

Fundargerðir 251. og 252. stjórnarfundar voru bornar upp og samþykktar.

### 2. Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti afkomu RÚV í febrúar og stöðuna eftir fyrstu tvo mánuði ársins. Tekjur í febrúar voru 6,5 m.kr. yfir áætlun. Rekstur sviða sé samkvæmt áætlun. Fjármagnsliðirnir séu hins vegar 6 m.kr. yfir áætlun vegna verðbólguáhrifa LSR lánsins. Reksturinn sé í heildina rúmlega 1 m.kr. betri en gert var ráð fyrir, hagnaður mánaðarins var 9,3 m.kr. Tekjur á fyrstu tveim mánuðum ársins voru 66 m.kr. yfir áætlun en rekstrarkostnaður 5 m.kr. yfir áætlun. Fjármagnsliðir séu tæplega 20 m.kr. yfir áætlun. Tap á rekstri RÚV var 19,2 m.kr. eftir fyrstu tvo mánuði ársins.

Þá var farið yfir birgðir sýningarrétta, sem séu nú 2.403 m.kr. og séu í heildina innan þeirra birgðamarka sem stjórn RÚV hafi sett félaginu.

Kaup RÚV af sjálfstæðum framleiðendum séu í samræmi við þau markmið sem sett séu samkvæmt þjónustusamningi. Í heildina muni RÚV að lágmarki kaupa efni af sjálfstæðum framleiðendum fyrir 660 m.kr. á árinu.

Fjárfestingar í rekstrarfjármunum séu samkvæmt fjárfestingaráætlun ársins, en fjárfest hafi verið fyrir um 120 m.kr. á fyrstu tveim mánuðum ársins. Stærstu fjárfestingarnar séu í öryggis- og netkerfum ásamt öðrum búnaði.

Þá var farið yfir fjölda starfsmanna og verktaka og þróun kostnaðar vegna launa og verktöku.

Horfur í rekstrinum til næstu mánaða sé tiltölulega góðar en engu að síður sé áskorun í því að bregðast við áhrifum mikillar verðbólgu og hærri vaxta.

### 3. Minnispunktar útvarpsstjóra

Í fjarveru útvarpsstjóra fór skrifstofustjóri yfir helstu minnispunkta útvarpstjóra. Nýr dagskrárstjóri Rásar 1 hafi verið ráðinn, þ.e. Fanney Birna Jónsdóttir. Fanney búi yfir fjölbreyttri reynslu af dagskrárgerð og fjölmiðlum og uppfylli mjög vel allar þær hæfiskröfur sem gerðar séu til starfsins.

Útvarpsstjóri átti fund með framkvæmdastjóra EBU í lok mars. Um sé að ræða reglubundið samtal framkvæmdarstjóra EBU við helstu stjórnendur almannþjónustumiðla innan EBU. Farið var yfir helstu verkefni og það sem sé fram undan í starfsemi RÚV og EBU. Rætt var um samstarfsverkefni á sviði íþróttar, fræðslu og þjálfunar o.fl. Von sé á hópi útvarpsstjóra frá Evrópu til Íslands í lok apríl.

HC  
J.O.  
AO  
SMB

Diljá Pétursdóttir verði fulltrúi Íslands í Eurovision í Liverpool í vor með lagið Power. Metþátttaka var í atkvæðagreiðslu en alls bárust tæplega 260.000 atkvæði í gegnum síma og app.

RÚV hafi verið með sex tilnefningar til blaðamannaverðlaunanna. Sunna Valgerðardóttir fékk blaðamannaverðlaun ársins 2022 og Þorsteinn J. Vilhjálmsson verðlaun fyrir umfjöllun ársins í útvarpsþáttaröð á Rás 1 um kennarann og útvarpsmanninn Skeggja Ásbjarnarson.

RÚV hafi verið með fjölmargar tilnefningar til Edduverðlauna 2023. Verbúðin fékk alls níu verðlaun, Viktoría Hermannsdóttir var valin sjónvarpsmanneskja ársins og áramótaskaupið skemmtiefni ársins.

#### 4. Kynning frá mannauðsstjóra og fréttastjóra

Vegna fyrirspurna stjórnarmanna um launakjör, jafnlaunavottun og menntunarbakgrunn starfsfólks fréttastofu fóru Hildur Sigurðardóttir mannauðsstjóri og Heiðar Örn Sigurfinnsson fréttastjóri yfir upplýsingar um þau atriði.

#### 5. Önnur mál

##### a. Tilnefning í starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd stjórnar var skipuð Silja Dögg Gunnarsdóttir, Diljá Ámundadóttir Zoega og Aron Ólafsson.

##### b. Tillögur aðalfundar


Ákveðið var að stjórnarformaður myndi ræði við ráðherra um mögulegar breytingar á stjórnarlaunum.

Netöryggishópur stjórnar vakti athygli á störfum sínum og mikilvægi þess að hafa greiðan aðgang að gögnum og öðrum upplýsingum um þau málefni í sinni vinnu. Útvarpsstjóra var falið að boða nefndina til fundar til að fara nánar yfir málið.

Stjórnarmaður ræddi væntanlegt stjórnarkjör í stjórn dótturfélagsins RÚV sölu en tilnefna skal í stjórn félagsins á komandi aðalfundi RÚV ohf. Nú hefur RUV sala verið starfandi sem dótturfélag RUV í tvö ár, en stjórn RÚV skipaði fyrstu stjórn RUV sölu vorið 2021. Að fenginni reynslu síðustu tveggja ára kann að vera tilefni til að breyta þessu fyrirkomulagi. RÚV sala er rekið sem dótturfélag RUV í því skyni að skerpa á bókhaldslegri aðgreiningu á milli samkeppnisrekstrar og rekstrar í almannapágu. Það er hins vegar óheppilegt að starfsmenn dótturfélagsins séu þar með formlega skildir frá móðurfélaginu og heyrir því ekki undir útvarpsstjóra.

Ákveðið var að ræða þetta fyrirkomulag og nánari tillögur stjórnar fyrir aðalfund á undirbúningsfundi stjórnar 17. apríl nk.

Fundi slitið.



Handwritten signatures of the board members: Diljá Ámundadóttir Zoega, Aron Ólafsson, and others.